

REGLUGERÐ

UM

HÆTTUMAT VEGNA SNJÓFLÓÐA

1. grein

Hættumat

Meta skal hættu af snjóflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku.

Hættumatið skal ná til byggðra svæða og svæða sem skipulögð eru eða skipuleggja á fyrir byggð, mannvirki eða umferð og útivist fólks á vetrartíma.

Niðurstöður hættumats skal afmarka á kort í mælikvarða 1:5000 og aðalskipulagsuppdrátt viðkomandi byggðar. Hættumatinu skal fylgja greinargerð þar sem fram komi reikningslegar forsendur og önnur þau gögn, sem matið byggist á.

Taka skal fullt tillit til hættumats við skipulagningu nýrra svæða og skal matið lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögum.

Hættumat skal lagt til grundvallar við gerð neyðaráætlana.

Almannavarnir ríkisins annast gerð hættumats og neyðaráætlana.

2. grein

Gagnasöfnun

Áður en ákvörðun er tekin um að gera hættumat skal safna saman eftirfarandi lágmarksgögnum um viðkomandi svæði:

1. Gera skal kort í mælikvarða 1:5000 yfir svæði sem tilgreind eru í 1. grein og sýni landslag upp á efstu fjallsbrúnir og inn á aðliggjandi snjósöfnunarsvæði.
2. Safna skal gögnum um snjóflóð á viðkomandi svæði og í námunda við það með því að kanna ritaðar heimildir, tala við heimamenn og leita eftir merkjum um snjóflóð í landinu. Skrá skal eftir bestu getu sem nákvæmastar upplýsingar um öll atriði sem varða snjóflóð og talin eru skipta máli.
3. Kanna skal á vettvangi framburð flóða, sár í jarðvegi og gróðri og ljósmynda snjóflóðafarvegi.

Niðurstöður gagna skulu dregnar á kort í mælikvarðanum 1:5000 þar sem fram komi bæði þekktir og líklegir snjóflóðafarvegir, mörk þeirra og skriðlengd.

Telja skal snjóflóðafarveg og skriðlengd þekktar þegar stuðst er við mælingar á snjóflóðum eða þegar mörk snjóflóðs eru afdráttarlaust afmörkuð af þekktu kennileiti og staðfest af sjónarvotti eða annarri öruggri samtímaheimild.

Önnur mörk snjóflóða sem heimildir eru til um skulu dregin sem líkleg.

### 3. grein

#### Snjóflóðasvæði

Snjóflóðasvæði eru afmörkuð sem hér segir:

1. Dregnar eru útlínur þekktra snjóflóða skv. skilgreiningu 3. mgr. 2. greinar.
2. Dregnar eru útlínur líklegra snjóflóða skv. skilgreiningu 4. mgr. 2. greinar.
3. Afmarkaðir eru aðrir farvegir þar sem talið er að snjóflóð geti hlaupið fram.
4. Stærð snjóflóðafarvega skv. 1., 2. og 3. lið er metin á eftirfarandi hátt með reiknilíkönum sem viðurkennd eru af Almannavörnum ríkisins:
  1. Notuð eru þekkt snjóflóð skv. skilgreiningu í 2. grein til að finna reiknistuðla, til notkunar í reiknilíkani, með því að aðlaga þá að mestri þekktri skriðlengd.
  2. Reiknistuðlar þekktra flóða eru færðir milli farvega með sambærileg skilyrði og þannig fundin hámarksskriðlengd í hverjum farvegi.
  3. Breidd snjóflóða er áætluð samkvæmt landslagi eða reiknuð.
5. Að fengnum niðurstöðum úr ofangreindum reikningum eru dregin mörk allra snjóflóða sem talið er að geti fallið innan athugunarsvæðisins. Lína sem sýnir mörk snjóflóðs nefnist grunnlína þess.

### 4. grein

#### Reiknilíkön

Við útreikninga skal nota reiknilíkön sem viðurkennd eru af Almannavörnum ríkisins hverju sinni.

Rökstuddar reikningslegar forsendur skulu koma fram fyrir hvern farveg, svo og reiknaður hraði snjóflóðsins í einstökum viðmiðunarpunktum þess í ferlinum.

Sá sem gerir hættumatid má einnig nota önnur reiknilíkön til samanburðar. Ef mikill munur kemur fram, getur hann sótt um undanþágu til Almannavarna ríkisins fyrir hvert einstakt tilfalli. Slíkri umsókn skal fylgja ítarlegur rökstuðningur.

## 5. grein

### Skilgreining hættusvæða

Í hættumati eru skilgreind tvönn konar hættusvæði og skulu þau auðkennd með rauðum og gulum lit á skipulagsupprætti.

Hættusvæði afmarkast þannig:

1. Mörk rauðs svæðis fylgja grunnlínu snjóflóðs en í tungu þess markast þau þó af línu þar sem ástreymsbrýstingur hornrétt á stefnu flóðs reiknast 10 kPa., og er þá miðað við að snjóflóðið hafi eðlismassann 350 kg/m<sup>3</sup>.
2. Gult svæði tekur við af rauðu og skal aldrei vera mjórra en 50m mælt hornrétt á grunnlínu. Í tungu flóðs skal draga mörkin neðan grunnlínu í fjarlægð frá henni sem nemur hálfri vegalengd milli grunnlínu og neðri marka rauðs svæðis, hvorutveggja mælt lárétt. Nái breidd guls svæðis í tungu snjóflóðs, þannig ákveðin, ekki 50m, gilda ákvæði um lágmarksbreidd.

Aukist halli verulega í tungu snjóflóðs innan guls svæðis neðan grunnlínu, eins og það er skilgreint hér á undan, skulu áhrif þess sérstaklega metin við ákvörðun á neðri mörkum gula svæðisins.

3. Verði fjarlægð milli gulra svæði sem liggja samhliða niður hlíð minni en 100m má lita svæðið á milli þeirra gult.

## 6. grein

### Rauð hættusvæði

Á hættusvæðum sem merkt eru með rauðum lit á skipulagsupprætti gilda þessar notkunarreglur:

1. Ekki má byggja á svæðinu eða þetta þá byggð sem fyrir er, nema með þeim undantekningum sem getið er í 2. og 3. lið.
2. Nota má rauð hættusvæði undir skipulagða starfsemi sem fram fer utan þess árstíma sem hætta er á snjóflóðum. Þó má vera starfsemi á skíðasvæðum sem liggja inni á rauðum hættusvæðum sé stöðugt fylgst með snjóflóðahættu. Skyld er að hafa viðbúnað til að koma viðvörunum á framfæri til fólks innan skíðasvæða og að vara fólk við þegar hætta er á snjóflóðum. Rýma skal hættusvæðið meðan snjóflóðahætta vofir yfir. Einnig er skylt að hafa til staðar neyðaráætlun sem tekur til leitar og björgunar á fólki sem lendir í snjóflóðum á svæðinu. Skíðaskála eða aðrar byggingar sem nota á til gistingar eða samkomu fólks má ekki byggja á hættusvæðum.
3. Heimilt er að nota rauð hættusvæði undir ýmis veitumannvirki, sem eru starfrækt mannlau, svo og samgöngumannvirki, enda séu tók á að loka fyrir umferð fólks um hættusvæðið þegar snjóflóðhætta skapast.

## 7. grein

### Gul hættusvæði

Á hættusvæðum sem merkt eru með gulum lit á skipulagsupprætti gilda þessar notkunarreglur:

1. Ekki má byggja mannvirki sem draga að sér fjölmenni á vetrartíma vegna viðskipta, skólahalds, samkomuhalds eða íþróttaiðkana annarra en vetraríþróttar.
2. Þegar vetraríþróttir eru stundaðar inni á gulum hættusvæðum gilda sömu ákvæði og í 2. tölulið 6. greinar.
3. Heimilt er að byggja önnur mannvirki en getið er í 1. tölul. ef sýnt er fram á að þau standist 10 kPa áraun snjóflóðs þvert á stefnu flóðsins á þann flöt sem næst stendur upptökum þess. Er þá miðað við eðlismassa samkvæmt 1. tölul. 5. greinar. Þegar slík heimild er gefin í skipulagi skal kveðið nánar á um þau skilyrði sem mannvirki skuli fullnægja að öðru leyti, svo sem um aðgengi í vari fyrir snjóflóðum og fleira þess háttar.

## 8. grein

### Rýming hættusvæða

Þegar snjóflóðahætta skapast á hættusvæðum sem merkt eru með rauðum og gulum lit, skal tafarlaust koma viðvörðun til þeirra sem þar eru, rýma svæðin og loka þeim fyrir allri umferð fólks, samkvæmt neyðaráætlunum almannavarna.

## 9. grein

### Breyting á mörkum hættusvæða

Falli snjóflóð á svæði sem ekki var metið sem hættusvæði skal það skoðað sem rautt hættusvæði. Jafnframt skal síðan endurmeta mörk hættusvæða, þar sem snjóflóðið féll og inn á aðliggjandi svæði, samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Breyta má mörkum hættusvæða með því að gera varnarvirki sem hægja á snjóflóðum og stytta þannig skriðlengd þeirra, eða breyta stefnu. Einnig má breyta mörkum hættusvæða með því að byggja varnarvirki, sem eru nægilega öflug til að varna því að skrið hefjist á upptakasvæði flóðs.

Varnarvirki sem byggð eru ofan við upptakasvæði snjóflóða og ætlað er að breyta væntanlegri snjósöfnun á upptakasvæðinu, breyta ekki mörkum hættusvæðis.

Í stað þess að gera varnarvirki fyrir byggð svæði getur sveitarstjórn keypt fasteignir til niðurrifs eða til nota sem samrýmast ákvæðum reglugerðar þessarar.

Þegar mörk hættusvæða breytast við gerð varnarvirkja skal merkja varið svæði á skipulagsupprætt með svartri skástríkun, en láta grunnlitina rautt og gult vera áfram á skipulagsupprættinum.

Varin svæði má nýta fyrir byggð, að fengnu álitum Almannavarna ríkisins.

Meta skal snjóflóðahættu fyrir varin svæði og gilda þá ákvæði 8. greinar um rýmingu þeirra einnig, eftir því sem við á.

#### 10. grein

##### Gerð og viðhald varnarvirkja

Sveitarstjórn lætur gera tillögur að varnarvirkjum og leggur þær fyrir Almannavarnir ríkisins. Tillögunum fylgi teikningar, uppdrættir og aðrar upplýsingar þannig að meta megi gæði og virkni varnarvirkja. Auk þess skulu fylgja uppdrættir í mælikvarðanum 1:5000, sem sýni hverju varnarvirkin breyta um mörk hættusvæða svo og nauðsynlegir útreikningar til rökstuðnings þeim breytingum.

Tillögur sveitarstjórnar ásamt framkvæmda- og kostnaðaráætlun skulu lagðar fyrir Almannavarnir ríkisins og öðlast gildi að fengnu samþykki þeirra og staðfestingu félagsmálaráðherra.

Sveitarstjórnir annast framkvæmdir við gerð varnarvirkja hver í sínu umdæmi í samræmi við gildandi áætlanir og skulu þær boðnar út.

Almannavarnir ríkisins skulu fylgjast með framkvæmdum við varnarvirki.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á viðhaldi varnarvirkja og að virkni þeirra rýrni ekki. Almannavarnir ríkisins geta fellt úr gildi breytingar á hættumörkum ef viðhald varnarvirkja er ófullnægjandi.

#### 11. grein

##### Ágreiningsefni

Rísi ágreiningur út af ákvæðum reglugerðar þessarar sker félagsmálaráðherra úr, að fenginni umsögn Almannavarna ríkisins og viðkomandi sveitarstjórnar.

#### 12. grein

##### Gildistaka

Reglugerð þessi um hættumat vegna snjóflóða er sett samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 28, 4. júní 1985, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 347, 23. júní 1988.

##### Ákvæði til bráðabirgða

Í þeim sveitarfélögum, þar sem hættumat hefur farið fram, skal það endurskoðað á grundvelli þessarar reglugerðar svo fljótt sem við verður komið.